

Erindisbréf Skipulagsnefndar Skútustaðahrepps

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr

Skipulagsnefnd heyrir beint undir sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Skipulagsfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar.

2. gr

Í Skipulagsnefnd eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum kosningum skv ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann.

3. gr

Auk kjörinna nefndarmanna á skipulagsfulltrúi rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

II. Hlutverk og verk svið.

4. gr

Meginhlutverk nefndarinnar er að móta stefnu í skipulags- og samgöngumálum fyrir sveitarfélagið, auk þess skal nefndin fjalla um málefni veitna og brunavarna sveitarfélagsins með bætt búsetuskilyrði og eflingu mannlífs í sveitarfélaginu að leiðarljósi.

Meðal verkefna nefndarinnar er:

- Að veita umsögn um skipulagsuppdrætti fyrir sveitarfélagið.
- Að fylgjast með framkvæmd laga er snerta skipulags-, veitu- og samgöngumál.
- Að afla tiltækra upplýsinga, m.a. í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu skipta um þau mál er undir nefndina heyra.
- Að veita umsögn/leggja fram tillögur um útgjaldaliði á sviði skipulags- og veitumála fyrir lok október ár hvert.
- Að veita umsögn/leggja fram tillögu að rekstraráætlun veitna fyrir lok september ár hvert.
- Að vinna að stefnumótun og samræmingu varðandi brunavarnir og eldvarnareftirlit í sveitarfélaginu m.a með gerð brunavarnaráætlunar

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og umsagnar um samgöngumál í sveitarfélaginu.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og umsagnar um málefni veitna í sveitarfélaginu.
- Að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir á sviði skipulags- og samgöngumála auk annarra sem undir málaflokkinn heyra.

5. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi skal nefndin vinna að hverjum þeim málum er sveitarstjórn felur henni.

Gildistaka

6. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum **sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011** um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 25. september 2014.

Mývatnssveit 13. október 2014


Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.

